


## ✉ Re: Beiðni um umsögn um umsóknir um efnistöku í Hvalfirði – póstur 1 af 5

Búið til	28.4.2020 10:00:02
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	28.4.2020 10:00:00
Tilheyrir	 202004-0001 - Björgun ehf. með umsóknum um leyfi til efnistöku á tilgreindum svæðum utan netlaga í Hvalfirði

### Efni

Re: Beiðni um umsögn um umsóknir um efnistöku í Hvalfirði – póstur 1 af 5

### Upplýsingar

Sent	28.4.2020 10:00:00	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

### Vinnsla

### Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	kg@os.is, harpa.petursdottir@os.is

### Innihald

Tilvísun í málsnr. 2020040001 (SBR, SB, KHS, TB)

Vísað er til bréfs frá Orkustofnun, dags. 30. mars sl., og meðfylgjandi tölvupósts þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Björgunar ehf. um leyfi til efnistöku á hafsbotni utan netlaga í Hvalfirði. Um er að ræða efnistöku á lausum efnum á fjórum svæðum í Hvalfirði. Beðist er velvirðingar á því að dregist hefur að svara erindinu.

Rétt er að benda á að Hvalfjörður er ein af tillögum Náttúrufræðistofnunar um svæði á B-hluta náttúruminjaskrár, framkvæmdaáætlun, sjá hér <https://www.ni.is/node/21562> (https://www.ni.is/node/21562) og kortasjá. Um er að ræða faglega tillögu stofnunarinnar en ekki er búið að taka endanlega afstöðu til hennar sbr. m.a. 36. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Náma við Hrafneyri er innan framangreindrar tillögu önnur námusvæði utan hennar.

#### Hrafneyri

Eins og áður segir er svæðið innan tillögu Náttúrufræðistofnunar á B-hluta Náttúruminjaskrár, þ.á.m. vegna fjöruvistgerða: Kræklinga- og sölvaoseyra, Sandmaðksleira, Kræklingaleira og Skeraleira. Fjörurnar eru sérstaklega mikilvægar fyrir það ríka fuglalíf sem finnst á svæðinu. Nálægt námasvæðinu er kræklingaleira. Að mati Náttúrufræðistofnunar ætti að forðast eftir fremsta megni að nota þessa námu. Rétt er einnig að benda á að framangreindar leirur/vistgerðir falla einnig undir 61. grein náttúruverndarlaga um sérstaka vernd.

Malarnám hefur ekki verið við Hrafneyri í tæp 20 ár og því líklega hægt að álíta það svæði lítt snortið miðað við hinar námurnar. Einungis þrjú botnsýni (með rangri greip) voru tekin á svæðinu árið 2006 og má efast um að það gefi rétta mynd af lífríki svæðisins. Rétt er að benda á að lífríki á botni Hvalfjarðar hefur tekið almennt miklum breytingum síðan þá, ekki síst með tilkomu grjótkrabbans sem fannst fyrst í Hvalfirði 2006 en finnst þar nú í miklum mæli.

Hrafneyri er fremur lítt röskuð þar sem efni hefur ekki verið tekið síðan 2001. Ef leyfi verður gefið fyrir námuvinnslu ætti að gera kröfu um vöktun á svæðinu í starfsleyfi, fyrir, eftir og á meðan að efnistaka á sér stað, þannig að hægt sé að fylgjast með hvort námuvinnslan hafi áhrif á fjörlífriki, botndýralíf og landbrot.

### **Kiðafellsnáma**

Svæðið er utan tillögu Náttúrufræðistofnunar og langt frá landi. Ekki gerðar athugasemdir varðandi fjörlífriki.

### **Brekkuboðanáma**

Svæðið er utan tillögu Náttúrufræðistofnunar og fremur langt frá landi. Ekki gerðar athugasemdir varðandi fjörlífriki.

### **Laufagrunn**

Svæðið er utan tillögu Náttúrufræðistofnunar. Ef leyfið verður endurnýjað mun náman færast nær landi. Sandmaðksleira er nálægt svæðinu. Mikilvægt er að efnistaka eigi sér stað nógu langt frá landi til þess að ekki sé hætt á landrofi og þar með skerðingu fjöruvistgerða.

### **Almennt**

Í Hvalfirði eru fjögur svæði á náttúruminjaskrá, þar af þrjú þeirra vegna fjörusvæða.

Skipulagsstofnun taldi árið 2009 að setja ætti m.a. eftirfarandi skilyrði í starfsleyfi:

*3. Gerð verði rannsókn á lífríki á fyrirhuguðum efnistökusvæðum, sem miði að því að skýra gildi þeirra fyrir fiskigengd og flatfiskaungviði.*

*4. Fram fari reglubundin vöktun á landbroti á strandsvæðum við Laufagrunn, Kiðafell, Eyri og Hálsnes og niðurstöður vöktunarinnar kynntar hagsmunaaðilum.*

Í starfsleyfi frá 2009 voru engin skilyrði sett fyrir vöktun þrátt fyrir framangreint álit Skipulagsstofnunar og fleiri aðila sem vildu að vöktun myndi fara fram. Það er mat Náttúrufræðistofnunar að í tilfellum sem þessum eigi að gera kröfu um vöktun.

Mikið rask hefur átt sér stað þar sem nú þegar er námagröfur. Mikilvægt er að efnistaka eigi sér stað nógu langt frá landi til þess að ekki sé hætt á landrofi og þar með skerðingu fjöruvistgerða. Áhrif gryfja á setflutninga sem viðhalda setfjörum minnkar eftir því sem þær eru lengra frá landi og því mikilvægt, fyrir fjörur í nágrenni þeirra, að fylgst sé með áhrifum af efnistöku út fyrir sjálf námusvæðin.

Almennt má líta svo á, út frá sjónarhóli jarðfræði og verndargildi jarðminja, þ.m.t. fagurfræðilegum sjónarmiðum, að betra sé að efnistaka fari fram undir sjávarmáli en á landi. Í þessu tilfelli verður rask mikið, jafnvel algjört, á ísaldar og upphafs nútíma setmyndunum t.d. sethjöllum, árkeilum/söndum og jafnvel fornum strandlínun (sjá m.a. skýrslu Kjartan Thors og Guðrúnar Helgadóttur, 1991). Þessar myndanir eru undir sjávarmáli og því má segja að áhrif verði lítil sem engin bæði í vísindalegu og fagurfræðilegu tilliti jarðfræðinnar en þá auðvitað með hliðsjón af því að erfitt er að rannsaka þessi svæði og fáir sem geta notið þeirra. Hliðstæð efnistaka myndi hafa mikil áhrif á landi.

Rétt að benda á að þessar námur eru ekki ótæmandi. Efni í þeim mun klárast á endanum og því nauðsynlegt að ganga vel um námurnar og nýta þær eins og kostur er svo ekki þurfi að taka ný námusvæði í notkun.

Náttúrufræðistofnun sér ekki ástæðu til að gera sérstakar athugasemdir vegna fuglalífs að öðru leiti en því sem snýr að mikilvægi fjöruvistgerða og áhrifa sem röskun á þeim getur haft almennt á lífríki þ.m.t. fuglalíf.

Náttúrufræðistofnun ítrekar að gerðar séu kröfur um vöktun sbr. athugasemdir hér að framan.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
210 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: trausti@ni.is (mailto:trausti@ni.is)



---

**From:** "Kristján Geirsson" <kg@os.is>  
**To:** "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>  
**CC:** "Trausti Baldursson - NI" <Trausti.Baldursson@ni.is>  
**Subject:** Beiðni um umsögn um umsóknir um efnistöku í Hvalfirði – póstur 1 af 5  
**Date:** 31.3.2020 15:31:27

Ágæti viðtakandi

Orkustofnun hafa borist fjögur erindi frá Björgun ehf. með umsóknum um leyfi til efnistöku á tilgreindum svæðum utan netlaga í Hvalfirði, með vísan til 3. gr. laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins, nr. 73/1990. Með vísan til 4. gr. laganna óskar Orkustofnun eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsóknir Björgunar ehf.

Vegna aðstæðna verða erindin einungis send rafrænt í tölvupósti. Vegna umfangs telur Orkustofnun tryggara að skipta sendingunni niður í 5 aðskildar póstsendingar með fylgiskjölum sem hér segir:

Póstur 1 (þessi póstur):

- Erindi Orkustofnunar - Hrafneyri
- Umsókn Björgunar ehf um efnistöku við Hrafneyri

Póstur 2:

- Erindi Orkustofnunar - Brekkuboði
- Umsókn Björgunar ehf um efnistöku við Brekkuboða
- Endurskoðað kort af fyrirhuguðu efnistökusvæði

Póstur 3:

- Erindi Orkustofnunar - Kiðafell
- Umsókn Björgunar ehf um efnistöku við Kiðafell
- Endurskoðað kort af fyrirhuguðu efnistökusvæði

Póstur 4:

- Erindi Orkustofnunar - Laufagrunn
- Umsókn Björgunar ehf um efnistöku við Laufagrunn
- Endurskoðað kort af fyrirhuguðu efnistökusvæði

Póstur 5 (fylgiskjöl sem eiga við allar fjórar umsagnarbeiðnirnar):

- Leyfi til efnistöku í Hvalfirði
- Fylgibréf með leyfi
- Yfirlitskort af Hvalfirði

Vinsamlegast staðfestið móttöku á framangreindum fimm tölvupóstum og fylgiskjöllum með þeim.

Virðingarfyllst,

Kristján Geirsson, Ph.D, MPA

Verkefnastjóri – stjórnsýsla vatnsauðlinda

Manager – Water Resource Management



Orkustofnun /National Energy Authority

Orkugarður, Grensásvegur 9

108 Reykjavík

Iceland

Tel: +354 569 6000

<http://www.os.is/> (<http://www.os.is/>) <http://www.nea.is> (<http://www.nea.is>)

Fyrirvari | Disclaimer: <http://www.os.is/disclaimer> (<http://www.os.is/disclaimer>)

Hugsaðu um umhverfið áður en þú prentar út þessi skilaboð./  
Think of the environment before printing this message.

## Viðhengi

image001.png (19 KB)

image001.gif (2 KB)